

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahrepps
Bjarni Reykjalín
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 17. ágúst 2018
UST201807-017/R.K.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulag - Hólsvirkjun

Vísað er til bréfs skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar er barst dags. 2. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi og samsvarandi breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar á virkjunarsvæði Hólsvirkjunar við Árbugsá í Fnjóskadal.

Skipulagssvæðið

Ráðgert er að reisa Hólsvirkjun, 5,5 MW vatnsaflsvirkjun á vegum Arctic Hydro ehf í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Líkt og fram kemur í erindi skipulags- og byggingarfulltrúa stendur til að skilgreina í aðalskipulagi nýtt 36 ha iðnaðarsvæði fyrir vatnsaflsvirkjun, en svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Alls sex ný efnistökusvæði eru skilgreind í aðalskipulagstillögunni í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Framkvæmdin

Áformað er að virkja Hólsá og Gönguskarðsá í 310 m.h.y.s ofan Garðsfells og leiða vatn í niðurgrafna þrýstípípu að stöðvarhúsi við Fnjóská í 60 m.h.y.s. Einnig kemur fram í greinargerð ofangreinds skipulags að aðalstífla virkjunarinnar verði í Hólsá, og að stífla í Gönguskarðsá verði einföld inntaksstífla með litlu lóni, en lón Hólsstíflu er áætlað 2 ha.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsagnir um skipulagsbreytinga vegna ofangreindrar framkvæmdar (dags. 18. og 23. janúar 2017) en í ljósi þess að tillögurnar hafa verið uppfærðar þar sem komið hefur verið til móts við niðurstöðu umhverfismats sem lauk með útgáfu frummatsskýrslu dags. 28. desember 2017, veitir stofnunin umsögn um nýja skipulagstillögu.

Líkt og komið hefur fram í fyrri umsögnum Umhverfisstofnunar (dags. 16. desember 2016) þá er um að ræða framkvæmd sem felur í sér talsvert rask á svæði sem til þessa hefur verið lítt snortið af mannvirkjagerð að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun tekur undir þá niðurstöðu greinargerðar skipulags að meginframkvæmdarsvæðið mun verða við stíflugerðina í Hólsdal og við langningu þrýstípípu.

Stíflur á Hólsdal og Gönguskarði

Steypti hluti stíflu í Hólsdal er áætlaður 35 m að lengd og mesta hæð steyptrar stíflu er 10 m líkt og fyrri áform greindu frá. Steypti hluti stíflu í Gönguskarði er áætlaður 25 m að lengd og mesta hæð stíflu er 4 m. Þá kemur fram í greinargerð skipulags að græða skuli upp jarðvegsstíflur með það að markmiði að gróðurfur verði sambærilegt og í umhverfinu. Sömu leiðis skal græða upp og hylja það rask sem verður við byggingu stíflnanna sem Umhverfisstofnun telur jákvætt.

Stöðvarhús

Stöðvarhús er áætlað innan byggingarreits nyrst í landi Ytra-Hóls. Verður hámarksstærð þess 7,5 m og leitast skal við að staðsetja og hanna stöðvarhús á þann hátt að það falli eins og kostur er að umhverfi sínu til að takmarka neikvæð áhrif á ásýnd lands.

Efnistaka

Í greinargerð deiliskipulags kemur fram að leitast verði við að taka efni í lónsstæðum líkt og áform voru um fyrir umhverfismat framkvæmdar. Gert er ráð fyrir að heildarþörf efnistöku virkjanaframkvæmdanna sé um 30.000-40.000 m³ en er það rúmlegt mat sem Umhverfisstofnun telur vera kost. Í greinargerð skipulags hafa efnistökusvæði verið skilgreind og merkt auk þess sem fram kemur hve mikið efni skal taka af hverju svæði sem er jákvætt. Líkt og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 30. janúar 2018 minnir stofnunin á vefsíðuna www.namur.is þar sem nálgast má allar upplýsingar um frágang efnistökusvæða og ítrekar mikilvægi þess að vel sé staðið að þeim frágangi.

Umhverfisskýrsla

Gróður

Fram kemur í skilmálakafla greinargerðar ofangreinds skipulags að leitast verði við að geyma svarðlag og það lagt aftur yfir röskuð svæði við frágang. Telur Umhverfisstofnun þau áfrom jákvæð til að forðast að línur myndist í landslag þegar horft er að pípuleiðum en ítrekar einnig á að mikilvægt sé yfirborð jarvegs í sárum sem myndast verði í sömu hæð og umhverfið.

Tekið er fram í skilmálum deiliskipulags að leitast skal við að ganga frá rasksvæðum jafnóðum og framkvæmdum lýkur og að öllum yfirborðsfrágangi verði lokið ekki síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdir hefjast. Þá er tekið fram í umhverfisskýrslu skipulags að ávalt skuli takmarka rask gróðursvæðum eftir fremsta megni auk þess sem vatnstreymi í hallamýri verði tryggt eins og kostur er með lagningu röra á því svæði sem lögnin verður lögð í gegnum mýrina. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreind áform en áréttar mikilvægi þeirra fyrir umhverfisáhrif framkvæmdar.

Fram kemur í umhverfisskýrslu skipulags að skv. vöktunaráætlun sé gert ráð fyrir að áhrif á gróður verði vöktuð í fjögur ár að framkvæmdum loknum þar sem rof og vatnsstreymi í votlendissvæðum verði skoðað og lagfært eftir þörfum. Ennfremur skal vakta rof á vatnsbökkum lóna og vatnsstreymi við pípuskuð. Umhverfisstofnun tekur undir þessi áform og að framkvæmdaraðili fái sérfaðing til að meta ástandið árlega sem og þörf fyrir úrbætur. Stofnunin mælir með því að gerður verði samningur við Náttúrustofu Norðausturlands við framkvæmd þessa mats. Skv. umhverfisskýrslu mun náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins að fjórum árum liðnum fara yfir samantekt vöktunar og meta hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg. Eru slík áform jákvæð að mati Umhverfisstofnunar.

Til að tryggja góða lifun gróðurs og endurheimt á framkvæmdarsvæði vill Umhverfisstofnun vísa til uppgræðslu frágangs við framkvæmdir Landsvirkjunar við Þeistareykjavirkjun sem dæmi um góð vinnubrögð við frágang raskaðs gróðurlendis og hvetur framkvæmdaraðila að kynna sér þær aðferðir við frágang framkvæmda aðgengilegt í skýrslu Landsvirkjunar (2017) „Þeistareykjavegur nyðri og virkjunarsvæði Þeistareykjavirkjunar. Uppgræðslu-aðgerðir 2016 og áætlaðar aðgerðir 2017“. Stofnunin telur æskilegast að notast verði við þær aðferðir sem þar er lýst, ef svigrúm og vilji er til staðar, þar sem um ræðir bestu aðferðir við að viðhalda staðgróðri sem þekktist að mati Umhverfisstofnunar.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllun um fuglalíf svæðisins í skipulagstillögu og vísar í umfjöllun sína í umsögn um frummatsskýrslu framkvæmdar dags. 30. janúar 2018.

Vatnalíf

Fram kemur í umhverfisskýrslu deiliskipulags að útfall virkjunar hafi verið fært nokkru ofar en upphaflega var áformað til að takmarka áhrif þess á laxgöngu og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við þá umfjöllun deiliskipulagsins.

Landslag og ásýnd

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vel takist til við frágang á gróðri á pípuleiðinni til að forðast neikvæð sjónræn áhrif og neikvæð áhrif á landslag svæðis. Þá telur Umhverfisstofnun einnig jákvætt að settir séu skilmálar um hámarks hæð, hönnun, efnisval, lit mannvirkja og frágang svo framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á landslag og ásýnd skv. 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð skipulags kemur fram að við frágang á aðrennslispípu skal leitast við að fella allt rask að umhverfi og græða upp í samræmi við nærliggjandi gróður og tekur stofnunin undir þau áform.

Stofnunin ítrekar að hér eru áætlaðar dreifðar framkvæmdir á ósnortnu svæði og skiptir frágangur á yfirborði, gróðri og mannvirkjum á svæðinu öllu hvað varðar mögulega neikvæð áhrif á heildarsvæðið. Telur Umhverfisstofnun áhrif mótvægisáðgerða að mestu fara eftir því hvernig til tekst með svæðin sem fara undir framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að deiliskipulagsmörk iðnaðarsvæðis eru sett utanum framkvæmdir en ekki yfir allt svæðið líkt og fram kom í fyrri umsögn stofnunarinnar í janúar 2017.

Ljóst er að vinnuvegir framkvæmdar þurfa að bera talsverða þungaflutninga líkt og steypubíla. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að stilla í hóf upphækkun vega að því marki sem framkvæmdir þola til að lágmarka áhrif á landslag eftir framkvæmdir. Ef til fyllinga kemur við vegagerð bendir stofnunin á þá aðferð að taka torfur undan vegstæðinu og leggja í vegfláganna sem góð vinnubrögð til að takmarka áhrif veganna á ásýnd svæðis.

Jarðminjar

Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun sínar um jarðminjar (jarðmyndanir) í fyrri umsögn sinni um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar dags. 30. janúar 2018 og gerir ekki frekari athugasemdir um tillögu deiliskipulags hvað þetta varðar.

Niðurstaða


Líkt og kom fram í matsskýrslu framkvæmdar er ljóst að framkvæmdin mun hafa í för með sér rask á þeim gróðurlendum og vistgerðum sem mannvirki Hólsvirkjunar ná yfir. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi áforma um vöktun gróðurlenda og votlendissvæða að framkvæmdum loknum og ítrekar nauðsyn þess að vöktunaráætlun sé lögð fram samhliða framkvæmdarleyfi auk þess að samningur sé gerður við sérfræðing hjá Náttúrustofu Norðaustulands hvað varðar mat á ástandi gróðursvæða eftir að framkvæmdum líkur. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu að deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar dags. 11. júní 2018 þar sem fram kemur fram að nauðsynlegt sé að rekstraraðili hafi samráð við Umhverfisstofnun um útreikninga á áhrifum framkvæmda á skerðingu votlendis áður en ráðist er í endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð og að nauðsynlegt sé að binda framkvæmdaleyfi ofangreindu skilyrði.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjansdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur